

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 13. ágúst kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1170. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Óskar Torfi Þorvaldsson, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

## Þetta gerðist:

### 1. Arngrímsgata 5 - USK24060097

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir tæknirými, rými 0002, í bílakjallara í Húsi íslenskra fræða á lóð nr. 5 við Arngrímsgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 30. apríl 2024.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

### 2. Austurbakki 2 - USK24030124

Sótt er um leyfi til að breyta matshlutanúmerum í bílakjallara Hörpunnar á lóð nr. 2 við Austurbakka. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 3. Austurstræti 20 - USK24070265

Sótt er um stöðuleyfi fyrir samkomutjaldi á lóð nr. 20 við Austurstræti.

Gjald kr 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 4. Aðalstræti 6 - USK24070177

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að stiga milli jarðhæðar og kjallara og að setja glugga á ganga á 2. hæð í húsi nr. 6 við Aðalstræti.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 5. Álfabakki 2E - USK24070291

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080010 með því að breyta útliti glugga og handriða, bætt við fituskilju ásamt að skipta hljóðmön út fyrir hljóðvegg og auka bílastæði auk breytinga á innra fyrirkomulagi á 1. hæð og í bílakjallara í húsi á lóð nr. 2a við Álfabakka.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir dags. 2. júlí 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

## 6. Álfaland 15 - USK24070263

Sótt er um leyfi til að stækka húsið til suðurs, breyta innra skipulagi og gera 4 íbúðir í húsi á lóð nr. 15 við Álfaland.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar, mæliblað dags. 29. október 1981 og yfirlit breytinga dags. 25. mars 1982.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

## 7. Ármúli 30 - USK24070307

Sótt er um leyfi til að breyta skrifstofurými 1. hæðar í leikskóla á lóð nr. 30 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 10. janúar 2023.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt dags. 9. ágúst 2024.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## 8. Barðavogur 1 - USK24060425

Sótt er um heimild til að setja gustlokun á suðvesturhlið húss á lóð nr. 1 við Barðavog. Erindi fylgir mæli- og hæðarblað.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## 9. Bergstaðastræti 50B - USK24070299

Sótt er um leyfi til þess að síkka tvö gluggaop og gera svalahurðir, gera svalir á norðurhlið, nýjar tröppur á suðurhlið, færa alla glugga í upprunalegt horf og klæða með timbri, íbúðarhús á lóð nr. 50B við Bergstaðastræti.

Stækkun: 44,8 ferm., 91,2 rúmm.

Eftir stækkun: 162,7 ferm., 470,3 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og/eða grenndarkynningar.

#### **10. Blesugróf 25 - USK24050251**

Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 25 við Blesugróf.

Stærð: 190,9 ferm., 710,2 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuða dags. 7. maí 2024 og lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2024 .

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

#### **11. Bíldshöfði 20 - USK24070126**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 20 við Bíldshöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og mæliblað dags. 21. september 1977.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

#### **12. Bústaðavegur 5A - USK24070009**

Sótt er um leyfi að byggja tækjahús úr timbri á lóð nr. 5A við Bústaðaveg.

Erindi fylgir umboð lóðarhafa dags. 2. júlí 2024.

Stærð: 36 ferm., 147,4 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

#### **13. Eikjuvogur 27 - USK24060292**

Sótt er um leyfi að stækka bílastæði á lóð nr. 27 við Eikjuvog.

Gjald kr. 14.500.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

#### **14. Eyjarlóð 1 - USK24050177**

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi 2. hæðar, rými 0201, koma fyrir tvennum svölum á suðurhlíð, breyta gluggasetningu, endurnýja þak og klæða að utan með dökkri áklæðingu suðurhluta vörugeymslu við Hólmaslóð 2A, mhl.01, á lóð nr. 1 við Eyjarlóð.

Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 16. maí 2006.

Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 15. Fríkirkjuvegur 9 - USK24070243

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24010338 þannig að handrið verður hlaðið og verða tröppur út á lóð nr. 9 við Fríkirkjuveg.  
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### 16. Garðastræti 2 - USK24080011

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að því að innrétta húðflúrstofu í rými 0103 í húsi á lóð nr. 2 við Garðastræti.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 17. Gerðarbrunnur 38 - USK24070245

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN038432 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 36-38 við Gerðarbrunn.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 18. Gerðarbrunnur 7 - USK24060360

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060992 þannig að innra skipulagi er breytt, aukaíbúð stækkar, þakgluggi er fjarlægður og staðsetningu inngangs breytt, jafnframt eru stærðir og skráningartafla uppfærð fyrir einbýlishús á lóð nr. 7 við Gerðarbrunn.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 31. janúar 2023.  
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### 19. Grandagarður 21 - USK24070161

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í mhl. 04, rými 0101 og 0102 í húsi nr. 21. á lóð nr. 15-37 við Grandagarð.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 23. apríl 2013.  
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

### 20. Grenimelur 25 - USK24050042

Sótt er um leyfi til þess að fá áður gerða íbúð 0001 samþykktu í fjölbýlishúsi á lóð nr. 23 við Grenimel.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdráttum samþykktum 26. maí 1944.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 21. Grensásvegur 16 - USK24070313

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í atvinnuhúsi á lóð nr. 16 við Grensásveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 27. apríl 1995.  
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 22. Grettisgata 58A - USK24070298

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á norðurhlíð og til að skrá kjallarahæð sem ósamþykkt í húsi á lóð nr. 58A við Grettisgötu.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Ófullnægjandi gögn.

## 23. Grettisgata 68 - klæðning og viðgerð - USK24040330

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri framkvæmd sem snýr að því að klæða gaflvegg hússins með Ál-Zink bárujárni í húsi á lóð nr. 68 við Grettisgötu.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Ófullnægjandi gögn. Vísað til athugasemda.

## 24. Hagamelur 33 - USK24070246

Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi í íbúð 0101 sem snýr að léttum vegg og hurðarop sett í burðarvegg í húsi á lóð nr. 33 við Hagamel.  
Erindi fylgir minnisblað verkfræðings vegna burðarþols.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 25. Hagatorg 1 - USK24060326

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi í hluta rýmis 0201 norðurhúss Sögu og gera það að kennslurými á lóð nr. 1 við Hagatorg. Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 9. janúar 2018.  
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## 26. Hallgerðargata 13 - USK24070264

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 5. hæð í húsi á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 5. janúar 2021.  
Gjald. kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

### **27. Haukdælabraut 86 - USK24070011**

Sótt er um leyfi til að setja glerlokun á austurhlið raðhúss á lóð nr. 86 við Haukdælabraut.

Erindi fylgir Mæliblað 5.114.3 dags. 19. desember 2016 og samþykki eigenda dags. 20. júní 2024.  
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **28. Haðaland 26 - USK24070266**

Sótt er um leyfi til að innrétta breyta innra skipulagi og innrétta leikskóla í gámaeiningum, mhl. 11, fyrir leikskólann Kvistaborg til bráðabirgða meðan á lagfæringum þar stendur, á lóð nr. 26 við Haðaland.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

### **29. Haðaland 26 - USK24070267**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, koma fyrir nýrri lyftu austan megin, innrétta bókasafn norðan megin og breyta fyrirkomulagi í heimilisfræðistofu í Meginlandi Fossvogsskóla á lóð nr. 26 við Haðaland.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **30. Hraunberg 4 - USK24070142**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059441 sem snýr að staðsetningu tækja í baðherbergjum og eldhúsum í íbúðum á 2. hæð húss á lóð nr. 4 við Hraunberg.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **31. Hringbraut 121 - USK24040341**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 121 við Hringbraut.

Erindi fylgir Hæðarblað dags. í apríl 2002, greinagerð vegna algildrar hönnunar dags. 29. apríl 2024, Hljóðvistargreinagerð dags. 29. apríl 2024, yfirlit breytinga dags. 12. janúar 2021 og Kaupsamningur dags. .

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

### 32. Hverfisgata 96 - USK23040208

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059394 sem felast í að opnun hurða á salernum er breytt, ofn fyrir bakvinnslu bætt við, háf fyrir ofan ofn, viðvörunarstöð, fatahengi, ræsirými og gufuháf bætt við á veitingastað á lóð nr. 96 við Hverfisgötu.  
Gjald kr. 14000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 33. Háteigsvegur 1 - USK24070095

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í verslunar- og gistiheimili á lóð nr. 1 við Háteigsveg. Erindi fylgir minnisblað hönnuðar dags. 8. júlí 2024.  
Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

### 34. Hátún 10 - USK24010102

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að kjallara og fyrstu hæð sem eru skrifstofur og vinnustofur og eru gerðar vegna athugasemda slökkviliðsins á staðnum á brunamerkingum í húsi á lóð nr. 12 við Hátún.  
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

### 35. Jöfursbás 3 - USK24070016

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030157 þannig 3. áfanga er bætt við sem eru tvö fjölbýlishús, fimm og sjö hæðir með 57 íbúðum og tengjast bílakjallara sem fyrir er á lóð nr. 3 við Jöfursbás.

Erindi fylgir ósamþykkt hæðarblað dags. 30. september 2021, mæliblað 2.220.1 dags.18. apríl 2024 og greinargerð um hljóðvist dags. 28. júní 2024.  
Stærð: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 36. Kleppsvegur 34 - USK24070314

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að skipta um klæðningu og einangrun á austurgafli fjölbýlishúss á lóð nr. 34 við Kleppsveg.

Gjald kr 15.400.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

### **37. Langholtsvegur 43 - USK24060426**

Sótt er um leyfi til að stækka atvinnuhús og byggja glerskála á lóð nr. 43 við Langholtsveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 24. maí 2016.  
Fyrir breytingu: 621,7 ferm., 1.867,7 rúmm.  
Eftir breytingu: 642,4 ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **38. Laugavegur 11 - USK24050065**

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og fjölga notkunareiningum með því að skipta rými 0101 upp í þrjár notkunareiningar og innréttu í rými 0101, veitingastað í flokki II teg. a fyrir 48 gesti og skrifstofur í rýmum 0201 og 0203, einnig eru flóttaleiðir bættar með því að koma fyrir stálsvölum á austurhlíð 2.og 3. hæðar í verslunar- og veitingahúsi á lóð nr. 11 við Laugaveg.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 18. júlí 2024, Minjastofnunar dags. 12. apríl 2024 og afrit af gildum aðaluppdrætti samþykktum þann 5. október 2010  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **39. Laugavegur 12B - USK24070315**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi veitingarstaðar í flokki III, teg. x á lóð nr. 12 við Laugaveg.  
Erindi fylgir mæliblað 1.171.1 og yfirlit breytinga dags. 20. júlí 2021.  
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **40. Laugavegur 174 - Olúskilja - USK24070005**

Tilkynnt er um útskipti á olúskilju á lóð nr. 174 við Laugaveg.  
Gjald kr.15.400.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

### **41. Laugavegur 51 - USK23110030**

Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja hringsstiga milli rýma 0003 og 0103, fækka eignum með því að sameina rými 0102 og 0103, stækka veitingastað í flokki II tegund a og fjölga gestum í allt að 49 manns, á 1. hæð og í kjallara í atvinnu- og íbúðarhúsi á lóð nr. 51 við Laugaveg.

Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 11. september 2018.  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.



#### **42. Lautarvegur 20A - USK24060380**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058610 vegna lokaúttektar á húsi nr. 20A við Lautarveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 17. mars 2022. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **43. Melbær 16 - USK24050289**

Sótt er um leyfi til þess að gera taka í notkun og skrá sem hluta íbúðar áður gert kjallararými, gera hurð og tröppur út í garð til suðurs við raðhús nr. 16, mhl.02, á lóð nr. 14-20 við Melbæ.

Stækkun: 86.2 ferm., 242.5 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 8. júlí 2024 og ódagsett samþykki eigenda húss nr. 14, mhl. 01 vegna kjallaratrappa á lóð. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **44. Miklabraut 101 - USK24060249**

Sótt er um leyfi að setja upp rafhleðslustöðvar við eldsneytisstöð á lóð nr.101 við Miklabraut. Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **45. Nauthólsvegur 102 - USK24060304**

Sótt er um leyfi til að bæta aðgengi með nýrri skábraut, sérklefa fyrir hreyfihamlaða, aðgengi bætt að snyrtingum og búningsklefum, koma fyrir nýrri útihurð, fata- og munaskápum komið fyrir og nýrri setlaug við þjónustuhús á ylströnd á lóð nr. 102 við Nauthólsveg.

Samskonar erindi BN059706 var samþykkt 21. september 2021 en er fallið úr gildi.

Erindi fylgir afrit af aðaltekningum samþykktum 21. september 2021.

Gjald kr. 15.400

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

#### **46. Reynimelur 29 - Búslóð í 20 feta gám - USK24070271**

Sótt er um stöðuleyfi fyrir gámi framan við innkeyrslu til að geyma búslóð vegna vatnstjóns í húsi á lóð nr. 29 við Reynimel.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

#### **47. Sigtún 28 - USK24070115**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057517 með því að breyta innra skipulagi fundarsala og gistirýma og gistirýmum fjölgað úr 129 í 140 í viðbyggingu við Grand Hotel á lóð nr. 28 við Sigtún.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 5. júlí 2024, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 7. júlí 2024 og útreikningur á varmatapi ódagsett.

Breyttar stærðir: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **48. Skólavörðustígur 25 - USK24070312**

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til norðurs uppað og ofaná mhl. 03, gera verönd á hluta þaks, innréttu geymslur í kjallara og skrifstofur á hæð og sameina í einn matshluta hús á lóð nr. 25 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð brunahönnuðar dags. 15. maí 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar og/eða til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

#### **49. Skólavörðustígur 9 - USK24060067**

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun Hegningarhússins við Skólavörðustíg, mhl.01, og innréttu verslun, vinnustofur og sýningarvæði, einnig er sótt um leyfi til þess að byggja einnar hæðar glerbyggingu á kjallara að hluta, mhl. 02, meðfram gamla fangelsismúrnum og innréttu sem veitingastað í flokki II, teg ? fyrir 55 gesti á lóð nr. 9 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlits dags. 10. júlí 2024, umsögn Minjastofnunar dags. 15. febrúar 2024, greinargerð Örugg ehf um brunavarnir dags. 6. febrúar 2024 og skýrsla hönnuðar um sögu Hegningarhússins dags. ágúst 2017.

Stærð Mhl. 01: Óbreytt.

Stærð Mhl. 02: 204.5 ferm., 671.1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 50. Skúlagata 26 - USK24020156

Sótt er um leyfi til að byggja 16 hæða hótél, stálgrindarhús með steypum stiga- og lyftukjörnum, einangrað og klætt áli/gleri, með 210 herbergjum á áður samþykktum þriggja hæða kjallara og verður þriðji áfangi uppbyggingar á lóð nr. 26 við Skúlagötu.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 11. júní 2024, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 15. janúar 2024 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 15. febrúar 2024.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun, A + B-rými: 14.251,2 ferm., 47.223,8 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. apríl 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

### 51. Skúlagata 28 - USK24040269

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055171 með því að innrétta gistirými á 2. hæð og fjölga þannig gistirýmum í 260 í fl. IV, teg. d., færa móttöku og veitingastað, sem er í fl. II, teg. a, niður á 1. hæð og koma þar fyrir yfirbyggðum stiga frá 1. hæð upp í bakgarð KEX hostel á lóð nr. 28 við Skúlagötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga, bréf hönnuðar og svör við athugasemdum dags. 5. júní 2024.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### 52. Skúlagata 4 - Niðurrif - USK24070227

Sótt er um leyfi til að rífa lágbyggingar austan og vestan við suðurálmú Sjáravútegshússins á lóð nr. 4 við Skúlagötu.

Erindi fylgir minnisblað/umsókn frá verkfræðistofunni Eflu dags. 11. júlí 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 53. Snorrabraut 29 - USK24040297

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta veitingastað í flokki II teg. a, á lóð nr. 29 við Snorrabraut.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 54. Sogavegur 200 - USK24070050

Sótt er um leyfi til að hækka þakmæni, byggja kvisti og rífa skorstein á húsi á lóð nr. 200 við Sogaveg. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags.13. júní 2024 og mæliblað 1.831.1.

Fyrir breytingu: 168,7 ferm., xx rúmm.

Eftir breytingu: 192,7 ferm., 519,3 rúmm.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 55. Sogavegur 22 - USK24070281

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053386 þannig að herbergi hafa verið innréttuð í stað stofu í húsi á lóð nr. 22 við Sogaveg.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 56. Stangarhylur 3 - USK24020162

Sótt er um leyfi til að innrétta þrjár vinnustofur á 1. hæð og þrjár íbúðir á 1. og 2. hæð í mhl. 01, 20 vinnustofur í kjallara og á 1. hæð og fimmtán herbergja gististað í flokki II, teg. b, fyrir allt að 28 gesti á 2. hæð í mhl. 02, ásamt því að sótt er um leyfi til að byggja þrennar svalir, stækka glugga, gera nýja innganga, grafa frá kjallara og gera nýja flóttaleið úr mhl. 02 í atvinnuhúsi á lóð nr. 3 við Stangarhyl.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 57. Síðumúli 15 - USK24060325

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030252 með því að breyta innra skipulagi í rými 0202, snyrtistofu á lóð nr. 15 við Síðumúla.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 19. júní 2024.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

#### 58. Sólvallagata 48B - USK24060290

Sótt er um áður gerðar breytingar, nýir gluggar á norðaustur gaflí fjölbýlishúss á lóð nr. 48B við Sólvallagötu.

Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 5. júní 2024 og yfirlit breytinga dags 9. maí 1985.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **59. Tómasarhagi 27 - USK23020095**

Sótt er um leyfi til að hækka mænishæð og bæta við tveimur kvistum á fjöleignahús á lóð nr. 27 við Tómasarhaga.

Erindi fylgir samþykki í afriti fundargerðar húsfélags, dags. 27. nóvember 2022.

Erindið var grenndarkynnt 29. september 2023 til og með 27. október 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2023 fylgir erindi.

Stækkun: 53,5 ferm., 59,7 rúmm.

Stærð eftir breytingu: 399,5 ferm., 1.183,7 rúmm.

Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **60. Vatnsstígur 12 - USK24060064**

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjölbýlishús með timburpaki sem verða stúdentagarðar með 7 íbúðarherbergjum á lóð nr. 12 við Vatnsstíg.

Erindi fylgir mæliblað dags. 2. desember 2022

Stærð: 410 ferm., 1.328,6 rúmm.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **61. Vatnsstígur 12A - USK24070155**

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjölbýlishús með timburpaki, stúdentagarð með 7 íbúðareiningum á lóð nr. 12A við Vatnsstíg.

Erindi fylgir mæliblað 1.152.5 dags. 2. desember 2022 og gátlisti aðaluppdráttu.

Stærð: 218,1 ferm., 649,1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **62. Öldugata 23 - USK24060207**

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, koma fyrir framleiðslueldhúsi á vinnurými í tengslum við nýja kaffistofu á 1. hæð, og bæta flóttaleiðir með því að koma fyrir flóttastiga frá risi niður á svalir 2. hæðar og flóttastiga þaðan niður á bílastæði við suðurhlíð, einnig er gerð ný skábraut meðfram austurgafli skólahúss á lóð nr. 23 við Öldugötu.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 12. júní 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 28. júlí 1994.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrúa.

#### **Fundi slitið kl. 12:00**

Brynjar Þór Jónasson  
Margrét Pálína Cassaro  
Sigrún Reynisdóttir  
Sigurður Stefán Karlsson  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir